

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hlutinn getur ekki fallist á, að rjett sje að samþykkja frv., og vísar hann í því efni til álits minni hluta fjárhagsnefndar á Alþ. 1927, sbr. Alþt. 1927, A.-deild, bls. 489, þskj. 313.

Það hefir verið fært sem ástæða fyrir frv. þessu, að yfirsetukonur vanti í 30 umdæmi. Aldrei hafa þó verið færð nein rök fyrir því, að þessi staðhæfing sje rjett. Aftur á móti er fylsta ástæða til að ætla, að hún sje að mestu röng. Samkv. skýrslu úr gerðabók ríkisgjaldanefndarinnar, bls. 45—54, er ekki annað sjáanlegt en að yfirsetukonur hafi verið þjónandi 1926 í nær öllum yfirsetukonuumdæmum landsins. Að visu þjóna snmar yfirsetukonur í tveimur umdæmum, eða tvær skifta milli sín þriðja umdæminu, en þar sem engar kvartanir hafa komið frá hjeruðunum um þetta, virðist mega ætla, að þau telji það fyrirkomulag fullnægjandi. Með þessu móti fá yfirsetukonur í þessum umdæmum hærri laun, og er engan veginn víst, að fyrirkomulagið breytist, þó að launin hækkuðu. Þess má geta, að landlæknir hefir gefið þær upplýsingar, að hann hafi ekki fengið kvartanir neinstaðar að undanfarin ár nm, að yfirsetukonu vanti í nokkurt umdæmi.

Þá er og færð sú ástæða fyrir þessari launahækkun, að breyting hafi verið gerð á síðasta þingi á launakjörum presta. En sú breyting á launakjörum prestanna er aðeins í samræmi við þá breytingu á launakjörum yfirsetukvenna frá 1926, að dýrtíðaruppbót er reiknuð af laununum. Það er því síðnr en svo, að neitt mæli með því að breyting verði gerð á launum yfirsetukvenna fremur — eða fyr — en á launum embættismanna ríkisins.

Ennfremur hefir sú ástæða verið færð fyrir frv., að nauðsyn beri til að færa meira til samræmis launakjör hinna lægst launuðu yfirsetukvenna við launakjör hinna hæst launuðu. Til þess að sýna, að með þessu frv. er að mestu skotið yfir þetta mark, eru hjer birt laun yfirsetukvenna í mismunandi fjölmönnum umdæmum samkv. gildandi lögum og samkv. frv., og hækkunin sýnd í 0%. Dýrtíðaruppbótin er ekki reiknuð með.

Íbúar	Byrjunarlaun			Hámarkslaun		
	skv. l. kr.	skv. frv. kr.	hækkun %	skv. l. kr.	skv. frv. kr.	hækkun %
300	200	300	50	275	500	82
400	220	300	36	295	500	70
500	240	300	25	315	500	59
600	260	300	15	335	500	49
700	280	300	7	355	500	50
800	300	300	0	375	500	33
900	320	300	+ 6	395	500	27
1000	340	300	÷12	415	500	20
1500	440	450	2	575	650	26
2000	540	600	11	615	800	30
2500	640	750	17	715	950	33
3000	740	900	22	815	1100	35
3500	840	1050	25	915	1250	37
4000	940	1200	28	1000	1400	40
4500	1000	1350	35	1000	1500	50
5000	1000	1500	50	1000	1500	50

Af þessu yfirliti sjest, að hækkun byrjunarlauna hinna lægst launuðu yfirsetukvenna er hlutfallslega nákvæmlega sú sama og launahækkun þeirra, sem hæst eru launaðar, eða 50%. Hækkun hámarkslauna er að vísu nokkru hærri hlutfallslega hjá þeim lægst launuðu, eða 82% móti 50% hjá þeim, sem best eru launaðar. En við þetta er það að athuga, að lægst launuðu yfirsetukonurnar eru 12 ár að ná hámarkslaunum, en hinar fá þau þegar á fyrsta ári, svo munurinn minnar frá því, sem út lítur fyrir. Það er því langt frá því, að með frv. sje sjerstaklega verið að vinna fyrir lægst launuðu yfirsetukonurnar, eða tryggja fámennustu umdæmunum yfirsetukonu.

Ef frv. yrði að lögum, mundi útgjaldaaukinn, sem af þeim leiddi fyrir ríkissjóð, hjeruð og kaupstaði, nema fullum 50 þús. kr., auk dýrtíðaruppbótar af launahækkuninni. Og þar sem nú liggur fyrir þinginu tillaga og frv. um hækkun dýrtíðaruppbótarinnar, virðist með öllu ógerlegt, að svo stöddu, að hækka þessi laun svo freklega, sem farið er fram á.

Af framanrituðum ástæðum leggur meiri hlutinn til, að frv. verði felt.

Alþingi, 21. mars 1929.

Halldór Stefánsson,
formaður.

Hannes Jónsson,
fundaskr. og frsm.

Jón A. Jónsson.

Ólafur Thors,
m. fyrirv.